

## *Samantekt svæðisstjóra Grettissvæðis fyrir starfsárið 2009 til 2010*

Starfið á Grettissvæði hófst á stjórnarskiptafundi hjá Mosfelli 30. september 2009.

Sameiginlegur stjórnarskiptafundur Drangeyjar og Skjaldar var haldinn 23. október 2009 á Siglufirði. Þetta er í fyrsta skipti sem það er gert, jafnframt var þetta konukvöld. Eftir þrírétta máltíð var stiginn dans.

Drangeyjarfélagar héldu jólafund sem hófst í Sauðárkróskirkju með hugvekjju. Kynningafundur var haldinn bæði á Sauðárkróki og Blönduósi samtals mættu 6 aðilar sem hlýddu á kynningarefni um hreyfinguna, félagar hafa farið í fyrirtækjaheimsóknir. Ræðumenn hafa mætt á fundina og góður rómur var gerður af þeirra erindum.

Heimsóknir hafa verið til annara klúbba og gaman að hitta aðra félaga og kynnast fundarmenningu þeirra. Þorrafundur var haldinn 20. febrúar eftir svæðisráðsfund. Á liðnu sumri var ráðist í það verkefni að gefa út viðskipta - og þjónustuskrá fyrir báðar Húnavatnssýslur sem einnig er símaskrá fyrir svæðið. Í þessu verkefni voru eknir 3.000 km. og 300 klst vinna, og eru menn að vinna í slíkri skrá fyrir Skagafjörð. Fundur var haldinn á Blönduósi til heiðurs einum félaga okkar

Jóhannesi Þórðarsyni sem kemur þaðan á alla fundi Drangeyjar.

Árlegt bikarmót Kiwanis í sundi var haldið þar sem bæði peningar og viðurkenningar eru veittar, eldri borgaraferð var farin um Skagafjörð í boði klúbbsins, endurvekja á skólaskáknot eins og klúbburinn hélt fyrr á árum, hjálmar voru afhentir fyrir skólaslit.

Einn nýr félagi gekk í klúbbinn á starfsárinu og eru Drangeyjarfélagar nú 25.

Starfsárið hjá Mosfelli hefur verið fjölbreytt að venju og mætingar með ágætum. Þann 1. nóvember hélt klúbburinn upp á 10. ára afmæli sitt og mættu nær allir félagsmenn og eiginkonur þeirra á afmælisfundinn sem haldinn var í Hlégarði í Mosfellsbæ. Í tilefni dagsins var öllu tjaldað til í mat og drykk og kvöldið endaði með hlutaveltu þar sem myndarlegir vinningar voru í boði og safnaðist góður peningur í styrktarsjóðinn. Hin árlega salgætissala fór fram í annari viku desember og seldust 500 kassar og er þetta aðal tekjulind fyrir styrktarsjóð klúbbsins. Salan hefur tvöfaldast á milli ára.

Nýbreytni var tekin upp í vetur þar sem allir félagar komu í pontu og skýrðu frá lífshlaupi sínu. Þetta mæltist vel fyrir og kom lífshlaup margra öðrum félögum skemmtilega á óvart.

Félagar mættu á fund á Akranesi. Einnig héldu þeir fund hjá

Styrktarfélagi lamaðra og fatlaðra í Reykjadal í Mosfellsbæ og þótti félagsmönnum fróðlegt að fá að kynnast starfi félagsins. Góð mæting var á síldarkvöld Skjaldar sem fram fór í bátahúsinu á Siglufirði.

Þrír nýjrir félagar gengu í klúbbinn og einn úr honum á starfsárinu og eru félagar í Mosfelli nú 27.

Skjaldarfélagar héldu jólaball þar sem 150 börn mættu. Tvö fyrirtæki styrktu okkur þannig að allir fengu frítt á ballið, jólasveinar mættu og færðu börnum sælgæti. Þrettándabrenna var haldin að venju og mikið skotið upp og aðstoðuðu okkur 10. bekkingar grunnskólans.

Íþróttamaður ársins var valinn í 31. skipti fyrir fullu húsi og er þetta viðburður sem beðið er eftir og hefur sjaldan verið glæsilegri og klúbbnum til sóma. Aðal styrktaraðilar okkar við þennan viðburð hefur ávalt verið Siglufjarðarkaupstaður og síðan Fjallabyggð, auk þess Allinn, Sturlaugur Kristjánsson, Þórarinn Hannesson, nemendur Tónskólans ofl.

Fundarefni hefur verið á öllum fundum og fyrirtæki skoðuð.

Styrkveitingar: Klúbburinn styrkti fjölskyldu sem er með son sinn í Bretlandi í mergskiptingu um 50.000 kr. Þetta er annar sonur þessara hjóna sem hefur þurft að fara í slíka aðgerð en sá sem fór í fyrra skiptið lést. Þá héldum við 10. bekkingum pizzuveislu og færðum þeim 50.000 kr. fyrir hjálpina við þrettándabrennu. Fjáraflanir eru: Gerð símaskrár Siglufjörður - Fljót, sem er okkar aðal fjáröflun, vinna við sjóstangveiðimót sem haldið er í lok júlí, og gefa þessi tvö verkefni okkur ágætis tekjur, og mönnum finnst gaman að taka þátt í. Tveir nýjir félagar hafa gengið í klúbbinn og tveir hætt, félagar eru nú 29. Hjálmar voru afhentir á síðasta degi skólans og mátti ekki seinna vera. Þrír svæðisráðsfundir hafa verið haldnir í Grettissvæði. Það sem mér finnst um nýja féлага og unga er að þeir eru ekki til í að taka að sér trúnaðarstörf nema að litlu leyti. Eftirminnanleg atvik er góðar heimsóknir í aðra klúbba og hvað almenningur er ánægður með starf Kíwanishreyfingarinnar almennt.

Okkar árlega síldarkvöld sem fram fer í bátahúsinu er orðið mjög vinsælt. Félagar úr 6 klúbbum mættu og voru um 60 Kíwanisfélagar mættir og höfðu gaman af. Ég hef farið yfir starfið í grófum dráttum í Grettissvæði. Ég hef starfað í Kíwanisklúbbnum Skildi síðan 1973 og hef alltaf jafn gaman af.

Svæðisstjóri

Guðmundur Skarphéðinsson